

## Samningur um sérnámsgrunn á Íslandi

Sérnámsgrunnssár á Íslandi er fyrsti hluti sérnáms á Íslandi. Það er sett upp í samræmi við reglugerð 856/2023 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi (var áður reglugerð 467/2015 með síðari breytingum). Mats- og hæfisnefnd metur hvaða námssjúkrahús og heilsugæslustöðvar geta tekið á móti sérnámsgrunnslæknum (áður kandiðötum) og nefnd um skipulag sérnámsgrunns setur m.a. reglur varðandi mat og eftirfylgni á meðan á árinu stendur. Nefndirnar eru skipaðar af heilbrigðisráðuneytinu samkvæmt ofangreindri reglugerð.

Sérnámsgrunnur er 12 mánaða klínískt nám sem skiptist á eftirfarandi hátt: Fjórir mánuðir á heilsugæslu og átta mánuðir á kennslusjúkrahúsi, þar sem að lágmarki fara fram tveir mánuðir á lyflækningadeildum, tveir á skurðlækningadeildum og fjórir mánuðir á deildum þar sem veitt er bráð lækniþjónusta. Sérnámsgrunni skal að fullu lokið áður en sérnám í aðalgrein hefst.

Sérnámsgrunnur byggir á klínískum störfum þar sem sérnámslæknir vinnur með sjúklingum undir handleiðslu sérfræðilækna og sérnámslækna og miðast við marklýsingu um sérnámsgrunn. Sérnámsgrunnslæknir fær handleiðara allt námsárið og safnar umbeðnum gögnum í rafræna ferilmöppu (ePortfolio). Námslækni ber að standa jafnt og þétt yfir árið skil á tilskildum fjölda matsblaða og öðrum atriðum í ePortfolio. Uppfylla þarf skilyrði um þátttöku í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna og viðveru á námsárinu.

Fylgst er með námsframvindu og skilum í ePortfolio á námsárinu. Námslæknir á reglulega fundi með sínum handleiðurum og um miðbik námsársins er viðtal þar sem farið er yfir stöðuna. Ef sérnámslæknir nær ekki að fylgja námsáætlun, án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir töfum, kann að verða litið svo á að forsendur ráðningar teljist brostnar.

Hér fyrir neðan er listi yfir helstu leiðbeiningar, upplýsingar um kröfur og reglur sem við koma sérnámsgrunnssárinu og eru að finna á heimasíðu sérnámsgrunnslækna ([www.landspitali.is/sgl](http://www.landspitali.is/sgl)) ásamt fleiri upplýsingum:

- Upphafsgátlisti fyrir sérnámsgrunn
- Lokagátlisti – Skilyrði fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni
- Marklýsing
- ePortfolio og handleiðarar (fyrirsögn, sjá lista af skjölum neðar á heimasíðunni)
- Fræðsludagskrá fyrir sérnámsgrunnslækna
- Orlof, staðarvaktafri, leyfi, fjarvistir
- Námsdagar – minnisblað
- Hvernig má sækja um námsdaga, ferðakostnað og námskeiðsgjöld
- Viðtöl við sérnámsgrunnslækna
- Vinna yfir árið, skil í ePortfolio o.fl.

Við skipulagningu á sérnámsgrunnssárinu eru eftirfarandi þættir m.a. lagðir til:

- › Sérnámsgrunnslæknum fá útgefna blokk fyrir upphaf námsárs, þar sem fram kemur hvernig námsárið skiptist á milli stofnana og tímalengd hvers þáttar.
- › Marklýsing fyrir sérnámsgrunnssár.
- › Rafrænt skráningarkerfi (ePortfolio), þar sem haldið er utan um skil á gögnum og námsframvindu.
- › Sérnámshandleiðari fyrir allt námsárið og klínískur handleiðari fyrir tímabil á heilsugæslunni.
- › Viðtöl við alla sérnámsgrunnslækna a.m.k. einu sinni yfir árið, þar sem farið er yfir námsframvindu og lagt mat á hvort að t.d. þurfi að lengja námsárið.
- › Fræðsludagskrá og námskeið s.s. Advanced Life Support, Basic Patient Safety (LSH) og Teymisvinna í bráðum aðstæðum/þverfagleg hermikennsla.

Sérnámslæknir leggur fram eftirfarandi þætti í sérnámi:

- › Leitast við að vera í stöðugum og skýrum samskiptum við handleiðara, kennslustjóra og yfirlækna eftir því sem við á, svo að forsendur séu til að kröfur marklýsingar um sérnámsgrunnssár séu uppfylltar.
- › Leitar eftir viðeigandi mati og endurgjöf á störf sín og ber ábyrgð á skráningu (s.s. í ePortfolio) jafnt og þétt yfir allt námsárið.
- › Tekur þátt í skipulagðri fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna og í annarri fræðslu eftir því sem við á.
- › Við lok námstímans hafi öllu verið sannanlega lokið skv. lokagátlista með skilyrðum fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni.

Sérnámsgrunnslæknir sér um að hlaða þessu skjali undirrituðu inn í ePortfolio-kerfið, undir „Personal library“ og velja „File status shared“.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Sérnámsgrunnslæknir: \_\_\_\_\_

Formaður kennsluráðs um sérnámsgrunn: \_\_\_\_\_